



Reykjanesbær, 27. september 2023

Mál nr. 2023100180

### Efni: Tillaga að breytingu á fyrirkomulagi frístundaaksturs

Reykjanesbær hóf akstur nemenda á frístundaheimilum Reykjanesbæjar á íþróttæfingar og í annað tómskundastarf.

Markmið með því að byrja með aksturinn var að fjölga börnum í starfi frístundaheimila og auka þátttöku barna í íþrótt- og tómskundastarfi í Reykjanesbæ. Að auki var mikið litið til þess að börn í 1. til 4. bekk myndu ljúka vinnudegi á svipuðum tíma og foreldrar þeirra.

Ljóst er að ofangreindum markmiðum hefur verið náð en verkefnið hefur þó reynt mjög á starfsemi frístundaheimila þar sem mikil áhersla er á að taka á móti börnum sem eru að koma af æfingum og eða að sjá til þess að þau séu tilbúin í rútuna.

Fimmtudaginn 22. september var haldinn fundur með forstöðumönnum frístundaheimila og forsvarsfólki íþróttahreyfingarinnar ásamt fulltrúa frá akstursþjónustunni þar sem rýnt var til gagns m.t.t. að gera verkefnið þannig úr garði að reyna að bæta starf frístundaheimila í Reykjanesbæ.

Að auki þá heimsóttu undirritaðir þau sem sjá um sambærilegt verkefni í Hafnarfirði og á þeim fundi kom fram að börnum er ekki ekið til baka á frístundaheimilin og að þeirra upplifun sé sú að álag hafi minnkað á starfsfólki frístundaheimilanna þegar börnin fara í rútuna á æfingar.

Undirritaðir leggja þ.a.l. til að frá og með 1. desember nk. **verði ekki ekið** með börn aftur á frístundaheimilin. Það er ljóst að þessi breyting kann að valda óþægindum hjá einhverjum



foreldrum. Mikilvægt er að kynna þessa breytingu vel fyrir foreldrum sem eiga börn á frístundaheimilum.

Æskilegt er að íþrótta- og tómstundahreyfingin reyni eftir fremsta megni að hefja sitt starf um kl. 15:00 og 16:00 (þar sem að því er við komið) þannig að breytingin komi sem minnst niður á þeim foreldrum sem eiga erfitt með að sækja börnin sín um kl. 15:00.

Eftir sem áður er ekki heimilt að færa til æfingar nema í samráði við Reykjanesbæ og Bus4u.

Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi  
Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs